

KOSTNAÐARGREINING VEGNA BREYTINGA Á STARFSEMI SOS

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október 2025 voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS. Á fundinum var samþykkt að vinna nánari kostnaðargreiningu í samvinnu við stjórn SASS vegna breytinganna:

Liður 1

- Vinna við undirbúning breytinga á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.
- Vinna við samning á milli SASS og SOS um nánari útfærslu verkefna, hlutverk og skyldur.
- Vinna við yfirferð fjármögnunar verkefna SOS þannig að unnt verði að útfæra fjármögnun verkefnanna í samningi SOS og SASS.
- Vinna við undirbúning breytinga á samþykktum SOS vegna breytinganna.

Liður 2

- Vinna við undirbúning tímabundinnar ráðningar starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS og vinna við nánari útfærslu starfslýsingar og kostnaðargreiningu.

Liður 3

- Vinna við breytingar á samþykktum sem heimili SOS að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar.

Kostnaðargreiningin skal vera sundurliðuð eins og kostur er og greina skal á milli kostnaðar vegna liða nr. 1 og 3 og svo vegna liðar nr. 2 vegna ráðningar starfsmanns til SASS á kostnað SOS.

- Liður 2 - Stöðugildi starfsmanns

a. Kostnaður við undirbúning ráðningar

Áætlaður kostnaður við undirbúning ráðningarinnar, kostnaðargreiningu og nánari útfærslu starfslýsingar vegna stöðugildisins er um 350.000 kr. m/vsk. vegna aðkeyptrar þjónustu og er þá gert ráð fyrir því að auglýsing og viðtöl vegna ráðningarinnar verði unnin innanhúss hjá SASS og SOS. Komi til þess að aðkeypt þjónusta verði fengin vegna útfærslu ráðningarsamnings vegna stöðugildisins yrði sá kostnaður til viðbótar. Ekki er talin þörf á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025 eða 2026 vegna þessa kostnaðar.

b. Kostnaður vegna stöðugildis

Áætlaður kostnaður við laun og launatengd gjöld þess starfsmanns sem fyrirhugað er að ráða til SASS á kostnað SOS er 17.000.000 kr. fyrir 1 ár. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn hefji störf í mars 2026 og næmi þannig kostnaður við laun á árinu 2026 að hámarki um 14.500.000 kr. og eftirstöðvarnar, 2.500.000 kr. myndu þannig falla til á árinu 2027. Þörf er á viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 vegna stöðugildisins.

- **Liður 1 og 3**

a. Kostnaður við undirbúning breytinga

Vinna við aðkeypta þjónustu við undirbúning breytinga á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis ásamt yfirferð fjármögnunar og breytinga á samþykktum vegna þeirra breytinga og heimildar til endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga er áætlaður um 2.000.000 kr. m/vsk. með eftirfarandi hætti:

- Greining á verkefnum	270.000 kr.
- Upplýsingaöflun, samskipti við SASS og kostnaðargreining	380.000 kr.
- Uppfærsla á samþykktum	300.000 kr.
- Samningur milli SOS og SASS auk viðauka v/Kirkjuferjuháleigu	770.000 kr.
- Fundir með stjórnnum SOS og SASS og undirbúningur tillagna fyrir aðalfundi	270.000 kr.

Ekki er talin þörf á viðauka við fjárhagsáætlun vegna kostnaðar við framangreinda vinnu. Komi til þess að vinnan verði umfangsmeiri verður skoðað að nýju hvort viðauka gerist þörf.

b. Kostnaður við starfsemi SOS utan stöðugildis starfsmanns

Annar kostnaður við starfsemi SOS sem falla undir samning SOS og SASS, svo sem vegna skrifstofubúnaðar, ferðakostnaðar og annars tilfallandi atriða, er áætlaður um 3.000.000 kr. Í dag fellur sá kostnaður undir þjónustusamning á milli SASS og SOS um skrifstofuþjónustu- og aðstöðu og er ekki þörf á viðauka við fjárhagsáætlun vegna hans.

Aðkeypt þjónusta vegna lokunar og vöktunar urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu 3 er samkvæmt fyrirbyggjandi samningi við Eflu verkfræðistofu. Áætlaður kostnaður vegna samningsins fyrir árið 2026 er um 1.500.000 kr. m/vsk. eins og verið hefur undanfarin ár og greiðir SOS þann kostnað milliliðalaust til Eflu eins og verið hefur. Ekki er þörf á viðauka við fjárhagsáætlun vegna þeirrar vinnu.

c. Hagræðing í kostnaði við störf stjórnar

Vegna fækkunar stjórnarmanna úr 5 í 3 og annarra þátta sem breytingarnar og ráðning framangreinds starfsmanns hafa í för með sér fyrir umfang starfa stjórnar SOS er lagt til að liðurinn stjórnar- og nefndarlaun í fjárhagsáætlun ársins 2026 verði lækkaður um 1.000.000 kr. Raunverulegur kostnaðarauki vegna ráðningar framangreinds starfsmanns nemur þannig 13.500.000 kr. með tilfærslu þessa fjármagns á milli liða.